

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140700035/bs

### Aukin vinnslugeta og vatnsvinnsla OR í Vatnsendakrikum - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða vatnsvinnslu Orkuveitu Reykjavíkur í Vatnsendakrikum. Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða mikla vatnstöku sem getur haft áhrif á grunnvatnsstöðu á mjög stóru svæði. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ítarlega grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar vatnstöku á vatnsbúskaps yfirborðsvatna á höfuðborgarsvæðinu, rennsli straumvatna eða vatnsborð stöðuvatna/tjarna eða annars votlendis. Gera þarf grein fyrir;

- hvort vatnstakan hafi áhrif á rennlistefnu grunnvatns á vatnstökusvæði höfuðborgarinnar og þá á hvern hátt,
- hver séu áhrif fyrirhugaðrar vatnstöku á niðurdrátt grunnvatnsborðsins,
- hvort aðrennslissvæðið stækki við aukinn niðurdrátt og hvort það auki mengunarhættuna og þörfina fyrir verndarsvæði (stækkun verndarsvæða),
- hvort stór hluti uppgefnar vatnsnotkunar sé í raun vatn sem lekur út áður en það nær viðtakanda, en í tilkynningarskýrslu er ekkert fjallað um áhrif leka á reiknaða vatnsnotkun.

Einnig telur Umhverfisstofnun að gera þurfi grein fyrir framtíðarvatnstöku í Gvendarbrunnum, Jaðri og Myllulækjarsvæði þegar vatnstakan hefur færst til Vatnsendakrika. Sýna þarf fram á að ekki sé verið að fórna þessum vatnstökusvæðum sem skv. grunnvatnskorti (mynd 1) virðast vatnsgæfari (meira rennsli grunnvatns) en í Vatnsendakrika.

Umhverfisstofnun telur að með hliðsjón af umfangi fyrirhugaðrar vatnstöku, samlegðaráhrifum vegna vatnstöku OR og Vatnsveitu Kópavogs, stærðar áhrifasvæðis og áhrifa á grunnvatn sé líklegt að umrædd vatnstaka geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,  
*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

*Gunnlaug Einarsdóttir*  
Gunnlaug H Einarsdóttir